



Umferðarslys erlendra ferðamanna

Umferðarslys erlendra ferðamanna á bílaleigubílum 2000-2004



Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Stofnuð: 1996

Nefndarmenn:

Ásdís J. Rafnar, hæstaréttarlögmaður, Rafnar lögfræðiþjónusta
Inga Hersteinsdóttir, verkfræðingur VSI-ráðgjöf
Jón Baldursson, yfirlæknir slysa- og bráðadeildar Landspítala-háskólasjúkrahúss

Framkvæmdastjóri:

Ágúst Mogensen, félagsfræðingur

Varamenn:

Margrét Vala Kristjánsdóttir, lögfræðingur
Ásgeir Guðmundsson, tæknifræðingur
Brynjólfur Mogensen, læknir

Sérfræðingar:

Eiríkur Hreinn Helgason, yfirlögregluþjónn
Haraldur Sigbórsson, umferðarverkfræðingur
Lárus Sveinsson, bíltæknir
Kjartan Benediktsson, Slysavarnafélagið Landsbjörg

Sérrit nr. 4. Umferðarslys erlendra ferðamanna 2000-2004. Reykjavík 2005. Rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Áður útgefið:

Banaslys í umferðinni 1998. Reykjavík, 1999. Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Banaslys í umferðinni 1999. Reykjavík, 2000. Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Banaslys í umferðinni 2000. Reykjavík, 2001. Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Banaslys í umferðinni 2001. Reykjavík, 2002. Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Banaslys í umferðinni 2002. Reykjavík, 2003. Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Banaslys í umferðinni 2003. Reykjavík, 2004. Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Banaslys í umferðinni 2004. Reykjavík, 2004. Rannsóknarnefnd umferðarslysa

Sérrit nr. 1. *Ungir öikumenn: Yfirlit yfir ráðstafanir til að fækka slysum.* Reykjavík, 2000. Rannsóknarnefnd umferðarslysa. Höf.: Ágúst Mogensen

Sérrit nr. 3. *Rannsóknir umferðarslysa á Norðurlöndunum.* Reykjavík, 2001. Rannsóknarnefnd umferðarslysa. Höf.: Ágúst Mogensen

Sérrit nr. 2. *Útafakstur í dreifbýli.* Reykjavík, 2002. Rannsóknarnefnd umferðarslysa. Höf.: Ágúst Mogensen

Sérrit nr. 3. *Framanákeyrslur.* Reykjavík, 2003. Rannsóknarnefnd umferðarslysa. Höf.: Ágúst Mogensen

Sérrit nr. 4. *Umferðarslys erlendra ferðamanna 2000-2004.* Reykjavík 2005. Rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Flugvallarvegi 101 Reykjavík
Sími 511 5040
rnu@rnu.is
www.rnu.is

*Ljósmyndir af slysavettvangi. Photo sf.
Prófarkalestur. Skjal.*

Efnisyfirlit

	<i>bls.</i>
Efnisyfirlit.....	3
Inngangur.....	5
Umferðarslys erlendra ferðamanna 2000-2004.....	6
Staðsetning slysa erlendra ferðamanna.....	11
Vegir, merkingar og hámarkshraði.....	21
Fræðsla og forvarnir.....	24
Heimildir.....	25

Inngangur

Nokkur umræða hefur verið um slys erlendra ferðamanna undanfarin misseri og mikill vilji meðal þeirra sem sinna umferðaröryggismálum og ferðaþjónustu að finna leiðir til að koma í veg fyrir slys í þessum flokki. Heimsóknum erlendra ferðamanna til Íslands hefur fjölgað mikið og notkun þeirra á vegakerfinu aukist. Sem dæmi má nefna að árið 1993 heimsóttu 157 þúsund erlendir ferðamenn Ísland, en árið 2003 hafði sú tala rúmlega tvöfaldast og var orðin 320 þúsund (Hagtölur 2004/Ferðaþjónusta). Bílaleigubílum hefur einnig fjölgað í samræmi við þetta. Árið 2000 voru skráðir bílaleigubílar 2321 en árið 2004 voru þeir um 4000. Samtök ferðaþjónustunnar hafa áætlað að á háannatíma yfir sumarmánuðina nemi akstur bílaleigubíla um 1,2 milljón kílómetra á dag þegar mest lætur. Þessar tölur eru áætlaðar og má vafalaust deila um forsendur þeirra, en mikilvægast er að hafa í huga, að heimsóknum erlendra ferðamanna til Íslands fer fjölgandi og notkun þeirra á vegakerfinu er mikil og eykst með hverju árinu. Að fækka slysum í þessum flokki er mikilvægur liður í umferðaröryggisáætlun stjórnvalda auk þess sem umtalsverðir hagsmunir eru í húfi vegna ímyndar Íslands sem öruggs ferðaþjónustulands.

Af því efni sem til er um ferðmannaslys í öðrum löndum má ráða að í flestum löndum er tíðni slysa ferðamanna hlutfallslega hærrí samborið við slys heimamanna og kemur margt til. Sumir vegfarendur eru vanir hægri umferð meðan aðrir aka í vinstri umferð. Í Lundúnum hefur þetta valdið slysum á gangandi vegfarendum sem horfa í ranga átt áður en þeir fara yfir götuna. Í sumum ríkjum Bandaríkjanna og Kanada má beygja til hægri á rauðu ljósi en það er bannað í öðrum löndum. Mikilvægast er að koma skilaboðum á framfæri til vegfarenda um hver sérkenni landa eru. Á Íslandi vitum við að sérkenni sem þarf að vara sérstaklega við eru malarvegir, mjóar brýr og sauðfé við vegi.


Í þessari skýrslu er varpað ljósi á umfang slysa erlendra ferðamanna árin 2000-2004 og staðsetningar þeirra og er þar unnið með kort sem sýna hvar flest slysin verða. Jafnframt eru forvarnir ræddar með hliðsjón af viðhorfum ferðamanna og forráðamanna bílaleiganna. Mikilvægt er að samþætta þessi sjónarmið til að ná sem bestum árangri í forvarnarstarfi. Svo dæmi sé tekið er ýmislegt sem betur má fara við merkingar vega, en það breytir ekki þeirri staðreynd að algengasta ástæða þess að ferðamenn fórust í umferðarslysum undanfarin ár er sú að þeir notuðu ekki bílbelti. Einnig hefur verið bent á að margir erlendir ferðamenn koma til Íslands til að heimsækja óspillta náttúru og vilja ferðast um torfætur og vegleysur. Það felur í sér að sumir vilja ekki aka um malbikaða vegi og merkingar á vegum eru þeim ekki aðalatriði. Þá ber að hafa í huga að áhugi erlendra ferðamanna á fræðslu, áróðri, lesefni og myndböndum er upp og ofan og bílaleigurnar ekki öfundsverðar af að koma þessu efni að, sér í lagi ef viðskiptavinirnir eru þreyttir og pirraðir og vilja bara fá sinn bíl strax!

Rannsóknin byggir á greiningu banaslysa erlendra ferðamanna 2000-2004 og gögnum úr slysa grunni Umferðarstofu (áður Umferðarráðs) yfir öll slys erlendra ferðamanna á bílaleigubílum árin 2000-2004. Fékk RNU styrk frá Rannsóknarráði umferðaröryggismála vegna verkefnis. Þá naut nefndin liðsinnis Vegagerðarinnar og Slysaskrár Umferðarstofu við vinnslu og öflun gagna um slys erlendra ferðamanna á þessu 5 ára tímabili 2000-2004. Samtök ferðaþjónustunnar og forsvarsmenn nokkurra bílaleiga sem leitað var til lögðu nefndinni einnig lið í verkefninu. Er það von nefndarinnar að skýrslan nýtist forsvarsmönnum ferðaþjónustunnar í landinu og þeim sem láta sig umferðaröryggi erlendra ferðamanna varða.

Umferðarslys erlendra ferðamanna 2000-2004

Umfang slysa, aðstæður og orsakir

Samkvæmt upplýsingum úr Slysaskrá Umferðarstofu hefur umferðarslysum erlendra ferðamanna fjölgað verulega undanfarin ár. Árið 2000 urðu 84 umferðarslys en árið 2004 voru þau 176, eða sem nemur tvöföldun slysatíðni á 5 árum (mynd 1). Á sama tíma hefur bílaleigubílum fjölgað, úr 2321 bifreiðum árið 2000 í tæplega 4000 bifreiðir árið 2004. Sá fyrirvari er á þessari tölfræði að sum umferðaróhöpp eru einungis tilkynnt tryggingarfélögunum og því ekki skráð hjá Slysaskrá Umferðarstofu.



Mynd 1. Fjöldi umferðarslysa og bílaleigubíla árin 2000-2004

Tíðni umferðarslysa erlendra ferðamanna helst í hendur við aukinn fjölda þeirra sem heimsækja Ísland ár hvert. Þrátt fyrir sveiflur í gengi gjaldmiðla og ófyrirsjáanleg atvik eins og hryðjuverkin í Bandaríkjunum 11.09. 2001, sem hafa áhrif á ferðamannastraum til Íslands, má gera ráð fyrir meiri umferð erlendra ferðamanna á íslenskum vegum í framtíðinni. Því er full ástæða fyrir yfirstjórn samgöngu- og ferðamála að fylgja eftir þeim áætlunum sem gerðar hafa verið og varða erlenda ökumenn. Hér er m.a. vísað til Umferðaröryggisáætlunar ríkisstjórnarinnar til næstu 4 ára, en skv. henni eru fyrirhuguð verkefni vegna slysa erlendra ferðamanna; áróður, bættar vegmerkingar og aðgerðir vegna lausagöngu búfjár.

Meiðsli í slysum

Í töflu 1 hafa meiðsli verið flokkuð eftir alvarleika áverka í hverju slysi. Á þessu 5 ára tímabili fórust 7 erlendir ferðamenn á bílaleigubílum og 18 hlutu mikil meiðsli (beinbrot, innvortis meiðsli o.s.frv.). Í 9% slysanna voru meiðsli minniháttar og í 87% tilvika var um eignatjón að ræða.

Tafla 1. Meiðsli í slysum 2000-2004

	Fjöldi slysa	%
<i>Banaslys</i>	7	1%
<i>Mikil meiðsli</i>	18	3%
<i>Lítill meiðsli</i>	58	9%
<i>Engin meiðsli</i>	543	87%
<i>Samtals</i>	626	100%

Rannsóknarnefnd umferðarslysa hefur rannsakað ítarlega þau 7 banaslys sem urðu á tímabilinu. Margt er líkt með slysunum og aðgreinir þau frá öðrum banaslysum í umferðinni. Flest verða þau í júlí eða ágúst þegar ferðamannastraumur er mestur. Tildrög slysanna eru svipuð, 6 þeirra eru útafakstur og bílveltur sem rekja má til reynsluleysis í akstri við íslenskar aðstæður, eða hugsanlega skorts á leiðbeiningum um akstur á íslenskum vegum, eftir því hvernig á málið er litið. Í 5 slysum notaði farþegi ekki bílbelti og kastaðist út úr bifreiðinni en við það margfaldast hættan á dauðsfalli.

Tafla 2. Banaslys í umferðinni. Erlendir ferðamenn 2000-2004

Vettvangur	Tildrög	Útafakstur	Bílbelti ekki notað
<i>Þorskaftörður. Júlí 2000</i>	Útafakstur. Slysið varð á bundnu slitlagi. Ökumaður missti stjórn á bifreiðinni og fór útaf veginum. Bifreiðin valt og farþegi í framsæti fórst. Hann notaði bílbelti. Aldrei fékkst úr því skorið hvað olli slysinu. Ummerki á vettvangi benda einungis til þess að bifreiðinni hafi verið beygt til vinstri snögglega eftir að ökumaður var kominn í lausamöl á vegöxlinni.	✓	
<i>Norðurlandsvegur við Þelamörk. Ágúst 2000</i>	Framanákeyrsla, íslenskur og erlendir ökumaður. Fólksbifreið og hópibifreið rákust saman á veginum við Þelamörk. Vegurinn var með bundnu slitlagi. Ökumaður hópibifreiðarinnar ók yfir á öfugan vegarhelming til að forðast að aka aftan á aðra bifreið. Tvær þýskar konur voru í bifreiðinni sem ekið var á og fórst önnur þeirra, ökumaður. Konurnar notuðu báðar bílbelti.		
<i>Austurlandsvegur, Háreksstaðarleið. Ágúst 2002</i>	Útafakstur. Í slysinu fórst kona sem notaði ekki bílbelti. Ekið var á nýju slitlagi sem var niðurbjappað, en í einni beygjunni var nýr kafli eða lagfæring sem var með lausu yfirborði. Þar missti ökumaðurinn stjórn á bifreiðinni og fór útaf.	✓	✓
<i>Ekkjufell á Upphéraðsvegi Ágúst 2003</i>	Útafakstur. Bifreiðin var á Upphéraðsvegi fyrir ofan Fellabæ. Vegurinn er malarvegur sem átti þá eftir að láta slitlag á. Vegavinnuskilti voru á íslensku og eitt hámarkshraðamerki (50 km/klst). Ökumaður bifreiðarinnar ók of hratt í beygju á veginum, náði ekki beygjunni og fór útaf og velti bifreiðinni.	✓	✓

	Kona sem var farþegi í aftursæti kastaðist út úr bifreiðinni, hún var ekki í bílbelti.		
<i>Þjóðvegur nr. 1 við Kvísker. Ágúst 2003</i>	Útafakstur. Ferðamennirnir voru á leiðinni að Jökulsárlóni frá Kirkjubæjarklaustri. Vegurinn við Kvísker var nýlagður slitlagi, beinn og breiður. Ökumaður ók útaf og er talið að hann hafi sofnað við aksturinn. Kona, farþegi í aftursæti fórst í slysinu. Hún var ekki í bílbelti.	✓	✓
<i>Vatnsnesvegur við Valdalæk. Júlí 2004</i>	Útafakstur. Ferðamennirnir höfðu verið við náttúruskoðun á Vatnsnesi er slysið varð. Ökumaður missti stjórn á bifreiðinni í vinstri beygju og rásaði á veginum þar til hann hafnaði útaf vinstra megin. Bifreiðin valt utan vegar og köstuðust farþegar út úr bifreiðinni. Farþegi í aftursæti, tékknesk kona, fórst í slysinu. Hún notaði ekki bílbelti.	✓	✓
<i>Norðurlandsvegur við Varmahlíð. Október 2004</i>	Útafakstur. Um var að ræða bifreið sem pólskir sjónvarpsmenn höfðu á leigu, en þeir voru á leið um landið við heimildamyndargerð. Ökumaður missti stjórn á bifreiðinni á leið niður brekku. Hálsa var og myrkur er slysið varð. Við útafaksturinn valt bifreiðin og köstuðust ökumaður og farþegar út úr bifreiðinni þar eð engin þeirra notaði bílbelti. Farþegi í aftursæti fórst í slysinu.	✓	✓
		Samtals	6 5

Greining á þessum 7 banaslysum gefur ákveðna vísbendingu um hvaða þætti ber að leggja áherslu á í forvarnarstarfi fyrir erlendra ferðamenn. Þó þarf að skoða fleiri tilvik til að geta alhæft um orsakir slysanna. Í töflu 3 eru tilgreindar helstu orsakir umferðarslysa erlendra ferðamanna árin 2000-2004 skv. skrá Umferðarstofu. Þar er miðað við að orsök komi fyrir í skráningu oftast en 5 sinnum. Oftast má rekja slysin til manlegra mistaka (176 tilvik). Þessi orsök er nokkuð almenns eðlis og vísar til þess að ökumaður gerir mistök af einhverju tagi í akstri, en frekari upplýsingar vantar um slysið til að greina það með sértækari hætti. Því miður er skráning ekki nógu ítarleg, sér í lagi varðandi þau slys sem teljast minniháttar. T.d. vantar upplýsingar um bílbeltanotkun í meira en helmingi tilvika þar sem lítil meiðsli eða eignatjón verða.

Engu að síður koma fram í töflu 3 gagnlegar upplýsingar sem hægt er að taka mið af í forvarnarstarfi. Umræðan um slys erlendra ferðamanna hefur aðallega snúist um slys með miklum meiðslum sem verða í dreifbýli. En fjölmörg eignatjónsöhöpp verða einnig í þéttbýli og næstalgengasta orsök slysanna er að ógætlega sé ekið afturábak (58) og fjórða algengasta orsökina að of stutt bil er á milli bíla (36). Allt eru þetta tilvik sem verða í þéttbýli, flest hver minniháttar slys og eignatjón.

Tafla 3. Algengustu orsakir slysa erlendra ferðamanna 2000-2004

	<i>Fjöldi</i>
1. Mistök ökumanns	176
2. Ógætilega ekið afturábak	58
3. Lausamöl	37
4. Of stutt bil milli bifreiða	36
5. Slæm færð	30
6. Ekið á dýr á vegi	25
7. Slæmur vegur	19
8. Hægri regla ekki virt	17
9. Aðrar ástæður	13
10. Biðskylda ekki virt	10
11. Ógætilegur framúrakstur	10
12. Stórfellt gáleysi	10
13. Skipt um akrein	9
14. Ekið gegn rauðu ljósi	6
15. Of hraður akstur	6
16. Stöðvunarskylda ekki virt	5
17. Ekið á röngum vegarhelmingi	5
18. Ökutæki í ólagi	5
19. Forgangur á hringtorgi ekki virtur	5

Lausamöl (37) er samkvæmt þessu þriðja algengasta orsök slysa erlendra ferðamanna, þó nær væri að segja að reynsluleysi ökumanns við akstur í lausamöl sé um að kenna. Af sama meiddi er fimmta algengasta orsök slysanna, slæm færð (30 tilvik) en það vísar til hálfu, ísingar eða snjós á vegi. Þá er sjötta algengasta orsök að ekið er á dýr á vegi (25) og sjöunda slæmur vegur (19) vegna hola, grjóthnullunga eða ójafns yfirborðs. Þessar orsakir eiga að mestu við um slys sem verða í dreifbýli sem jafnframt eru þau alvarlegustu. Í töflu 4 sést að meirihluti slysanna verður í dreifbýli eða 63% og 27% þeirra á malarbornu slitlagi

Tafla 4. Aðstæður og umferðarslys erlendra ferðamanna 2000-2004

<i>Býli</i>	Dreifbýli	63%
	Þéttbýli	37%
		100%
<i>Yfirborð vegar</i>	Bundið slitlag	73%
	Malarborið	27%
		100%
<i>Við gatnamót?</i>	Nei	82%
	Já	18%
		100%
<i>Við brú?</i>	Nei	99%
	Já	1%
		100%

Athygli vekur að hvorki er hraðakstur né ölvunarakstur ofarlega á lista yfir orsakir, en mikið um önnur mannleg mistök og þætti sem tengjast vegum, umhverfi og ástandi þeirra. Lausamöl, ójafnt yfirborð og slæm færð eru algengir þættir auk þess sem lausaganga búfjár er töluvert vandamál. Ökumenn eru ekki búnir undir íslenskar aðstæður og vegirnir eru þeim mjög erfiðir. Þó er ekki sama hvert litið er til vegakerfisins þar sem gatnamótaslys eru ekki eins tíð og búast mætti við, né slys við brýr eins og sést í töflu 4. Gatnamótaslys eru einungis 18% og slys við brú 1%.


Staðsetning slysa erlendra ferðamanna

Gagnlegt er að skoða dreifingu slysa eftir landssvæðum og eru þau merkt inn á kort sem hér fylgja. Á kortunum sést hvar flest slysin urðu og eru þau merkt með mismunandi litum eftir því hvort meiðsli urðu eða ekki og eftir því hve alvarleg meiðsli voru. Við túlkun á þessum gögnum ber að hafa ýmislegt í huga. Slysakortin gefa vísbendingu um hvaða staði er nauðsynlegt að skoða betur m.t.t. hættulegra vegakafla eða svartbletta eins og þeir eru nefndir í daglegu tali. Skoða þarf hvern stað sem bent er á m.t.t. hvers eðlis slysin eru, hve mikil umferð ökutækja er á hverjum stað og hvort einhverjar vegabætur hafa orðið á tímabilinu sem verið er að skoða. Þannig getur verið að einhver vegur eða hluti vegar hafi verið lagaður árið 2003 þó mörg slys hafi orðið þar 2000-2002. T.a.m. hafa vegabætur orðið á Austurlandi og Snæfellsnesi á nokkrum stöðum á þessu tímabili sem taka þarf tillit til. Þá er rétt að benda á að ekki er sami kvarði á öllum kortunum.

Suðurland og Vesturland


Flest slys erlendra ferðamanna urðu á Suðurlandi þó ekki séu alvarlegustu slysin á því svæði. Fjöldmörg eignatjónsöhöpp urðu í Reykjavík og nærliggjandi sveitarfélögum í þéttbýlisumferðinni. Slys með meiðslum voru þó fá. Ekkert banaslys varð í Reykjavík á þessu tímabili og svörtu blettirnir sem sjást eru götur en ekki banaslysapunktur. Þegar komið er út fyrir þéttbýlið reyndust áberandi eignatjónsöhöpp á Lyngdalsheiði og margir slysstaðir í uppsveitum Árnæssýslu, við Gullfoss og Geysi en einnig á leiðinni frá Geysi að Reykholti, Flúðum og Skálholti.

Slys erlendra ferðamanna 2000-2004. S-Vesturland og Vesturland.



Þegar litið er á leiðina frá Kleifarvatni að Þorlákshöfn sést að 4 eignatjónsóhöpp og 1 slys með miklum meiðslum hafa orðið á veginum við Hlíðarvatn. Þennan stað þarf að kanna nánar. Mikið er um ferðamenn sem eru að skoða sig um í Herdísarvík, við Hlíðarvatn og í Strandarkirkju. Í uppsveitum Borgarfjarðar er töluvert af slysum, sér í lagi í Hvítársíðu og við Húsafell.

Slys erlendra ferðamanna 2000-2004. Suðurland



Töluvert af slysum eru á Suðurlandsvegi á leiðinni til Hvalsvallar m.a. eitt slys með miklum meiðslum. Slys erlendra ferðamanna við Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustur eru einnig nokkur þó erfitt sé að benda á einn stað öðrum fremur verri. Nokkur eignatjónsóhöpp eru við Vík í Mýrdal, Dyrhólaey og umhverfis Hrífunes og á veginum inn að Skaftárdal. Þá hafa 4 slys orðið í námunda við Lómagnúp.

Slys erlendra ferðamanna 2000-2004. S-Austurland



Eignatjón **Lítill meiðsl** **Mikill meiðsl** **Banaslys**

Það vekur athygli þegar litið er á leiðina frá Höfn í Hornafirði til Djúpvavogs, hve mörg slys erlendra ferðamanna hafa orðið. Slysni verða í Álftafirði, Hamarsfirði og Berufirði. Alls eru á þessum kafla 10 slys, þar af 3 með litlum meiðslum og 1 með miklum meiðslum. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar var vegurinn í Hamarsfirði endurgerður að hluta og bundið slitlag lagt, undir Melrakknesi nánar tiltekið. Rannsaka þarf þennan stað sérstaklega m.t.t. hvort ástæða sé til að merkja veginn sérstaklega með leiðbeinandi hraða eða breyta legu vegarstæðisins. Þá eru á kortinu 5 eignatjónsóhöpp við Mýrar og Viðborðsfjall áður en komið er að Hornafjarðarfljóti.

Slys erlendra ferðamanna 2000-2004. Austurland




Eignatjón Lítil meiðsli Mikil meiðsli Banaslys

Á Austurlandi er töluverð umferð erlendra ferðamanna þó svo ekki séu þeir allir á bílaleigubílum. Þeir sem koma með Norrænu til Seyðisfjarðar eru margir á eigin ökutækjum og slys þeirra ekki á þessu korti þar sem þessi úttekt nær eingöngu til ökumanna á bílaleigubílum.

Á kortinu sjást tvö banaslys, annað á Upphéraðsvegi við Fellabæ en hitt á Háreksstaðarleið (svartir punktar). Lýsing á þeim slysum er hér að framan í skýrslunni. Í báðum tilvikum var ekið útaf og bílarnir ultu. Farþegar sem notuðu ekki bílbelti fórust í slysunum. Tvö önnur eignatjónsóhöpp eru við upphaf Háreksstaðarleiðar og þrjú í Jökulsárdal. Vegabætur hafa orðið á tímabilinu 2000-2004 á þessari leið í Jökulsárdal og á Háreksstaðarleið. Einnig stóðu yfir framkvæmdir á veginum við Upphéraðsveg þegar banaslys varð þar árið 2003. Þá var unnið að því að binda slitlag á veginum.

Slys erlendra ferðamanna 2000-2004. Norðurland eystra



Eignatjón **Lítill meiðsli** **Mikil meiðsli** **Banaslys**

Á Norðurlandi eystra voru tíðust slys erlendra ferðamanna á veginum á Hólssandi upp að Dettifossi. Á kortinu eru merkt 9 slys, bæði eignatjón og slys með litlum meiðslum. Skoða þarf veginn og huga að sérstökum aðgerðum t.a.m. bættum merkingum, leiðbeinandi hraða eða skiltum á erlendum tungumálum. Á Hólssandi er eitt skýrasta dæmið um stað þar sem útafakstur og slys eru tíðari en ásættanlegt er. Engar teljandi breytingar hafa verið gerðar á veginum á Hólssandi undanfarin ár (utan eðlilegs viðhalds).


Slys erlendra ferðamanna 2000-2004 Eyjafjarðarsvæðið



Eignatjón **Lítill meiðsl** **Mikil meiðsl** **Banaslys**

Á kortinu yfir Eyjafjarðarsvæðið sést að slys erlendra ferðamanna hafa verið fátíð. Eignatjónsóhópp voru nokkur á Akureyri en þess utan er ekki hægt að benda á sérstaka slysastaði. Eitt banaslys varð á tímabilinu 2000-2004 á svæðinu og er það merkt með svörtum punkti við Þelamörk, en þar fórst þýskur ferðamaður í árekstri árið 2001.

Slys erlendra ferðamanna 2000-2004. Norðurland vestra



Eignatjón Lítil meiðsl Mikil meiðsl Banaslys

Á Norðurlandi vestra urðu nokkur slys erlendra ferðamanna, flest á Vatnsnesi og á þjóðveginum á milli Hvammstanga og Blönduóss. Banaslys varð á Vatnsnesi sumarið 2004 og á stuttum kafla sitt hvoru megin við nesið eru 8 slysapunktur, eitt banaslys, eitt slys með litlum meiðslum og 6 eignatjónsóhöpp. Vegurinn um Vatnsnes er einn þeirra malarvega þar sem umferð ferðamanna er mikil og mikið um útafakstur.

Slys erlendra ferðamanna 2000-2004. Vestfirðir og Strandir



Eignatjón **Lítill meiðsli** **Mikil meiðsli** **Banaslys**

Á Vestfjörðum og Ströndum hafa orðið nokkur slys erlendra ferðamanna, þ.á m. banaslys í Þorskafirði árið 2000. Dreifing slysanna er þannig að ekki er hægt að benda á einn stað sem er verri en annar ef undanskilinn er kafli á Ströndum milli Kollafjarðar og Bitrufjarðar þar sem heitir Ennishöfði. Þetta er malarvegur og hafa orðið þar 3 eignatjónsóhöpp. Fyrirfram mætti búast við að slys erlendra ferðamanna væru tíðari á Vestfjörðum og á Ströndum þar sem mikið er um malarvegi og lega þeirra oft kræklótt fyrir firði og yfir heiðar. Á móti kemur að umferð þar er lítil samanborið við aðra staði og hefur það sitt að segja um slysatíðnina.

Slys erlendra ferðamanna 2000-2004. Snæfellsnes



Eignatjón Lítil meiðsli Mikil meiðsli Banaslys

Fróðárheiði á Snæfellsnesi hefur ekki verið mikið til umræðu vegna slysa erlendra ferðamanna en samkvæmt slysakortinu urðu þar fjögur slys á tímabilinu 2000-2004, tvö eignatjónsóhöpp, eitt slys með litlum meiðslum og eitt slys með miklum meiðslum. Töluvert hefur verið um slys erlendra ferðamanna á Snæfellsnesi, sérstaklega á þeim köflum sem eru malarbornir vegir. Í raun má segja að blettirnir byrji þar sem bundið slitlag endar og hætti þar komið er á bundið slitlag á ný. Við Gufuskála endaði bundið slitlag og var malarvegur alveg að Arnarstapa og Búðum. Á þeim kafla urðu 5 slys. Á þennan kafla er búið að láta bundið slitlag að miklu leyti í dag. Milli Búða og Arnarstapa er hluti vegarins malarborinn og þar varð eitt slys með litlum meiðslum. Fróðárheiðin var nánast öll lögð malarvegi á tímabilinu sem um ræðir og þar urðu fjögur slys sem fyrr segir. Vegurinn frá Álftafirði að Breiðabólstað er malarvegur og þar eru 4 slys merkt á kortið. Á Snæfellsnesi má sjá mjög skýrt dæmi um tengslin milli marka malarvega og bundins slitlags og slysa erlendra ferðamanna.

Staðsetningar slysa. Samantekt

Þeir staðir sem skera sig úr hvað slysatíðni erlendra ferðamanna varðar eru á vegum nálægt vinsælum skoðunar- og útivistarsvæðum. Oftar en ekki verða slysin í dreifbýli á malarvegum ef undanskilin eru eignatjónsóhöppin í nágrenni Reykjavíkur. Árnessýsla sker sig nokkuð úr hvað varðar fjölda slysa í dreifbýli enda margir vinsælir ferðamannastaðir þar. Slysu eru einnig tíð á Norðurlandi eystra, Norðurlandi vestra og á Austurlandi. Þeir slysa staðir sem þarfnast skoðunar að mati Rannsóknarnefndar umferðarslysa eru:

- Hólsfjallavegur á Hólssandi
- Suðurstrandarvegur við Hlíðarvatn
- Vatnsnesvegur á Vatnsnesi
- Snæfellsnesvegur um Fróðárheiði
- Austurlandsvegur við Hamarsfjörð og Berufjörð
- Gjábackavegur/Lyngdalsheiði
- Biskupstungnabraut, Gullfoss og Geysir

Rannsóknarnefnd umferðarslysa ítrekar að slysakortin gefa einungis vísbendingu um staði sem þarf að skoða nánar. Meta þarf umferðarmagn á hverjum stað, vegabætur sem hafa orðið á tímabilinu sem er til skoðunar og eðli hvers slyss fyrir sig. Að þeirri vinnu lokinni má meta hvort frekari vegabóta er þörf, ítarlegri viðvörunarmerkinga, t.a.m.á erlendum tungumálum eða leiðbeinandi hraða.

Vegir, merkingar og hámarkshraði

Markhópurinn erlendir ferðamenn hefur verið rannsakaður nokkuð bæði á Íslandi og erlendis með það fyrir augum að skilgreina hegðun og viðhorf ferðamanna. Bent hefur verið á að í mörgum löndum er slysatíðni þeirra sem heimsækja land hærri en heimamanna sjálfra og liggja nokkrar ástæður því að baki. Fólk breytir hegðun sinni á vissan hátt þegar það fer í frí, losar um hömlur og gerir hluti sem það alla jafnan myndi ekki gera, telur sig þurfa að upplifa eitthvað nýtt og spennandi og bregður frá þeim reglum sem það vanalega fylgir í daglegu lífi heima fyrir. Þetta gerir fólk á framandi stöðum sem það þekkir ekki vel til og kann ekki heldur þær reglur sem þar gilda (Cossar o.fl, 1990; Johnston,1989).

Ennfremur er tiltekinn hópur ferðamanna sem sækir sérstaklega í spennu og náttúruskoðun við erfiðar aðstæður en töluvert er um eftirsóttu staði í þeim flokknum á Íslandi. Ísland er oft auglýst sem ævintýraland sem ferðmenn eiga að upplifa og njóta. Því má búast við að með bættum vegum hverfi ævintýraljóminn af landinu. Í þessu samhengi er athyglisverð niðurstaða rannsóknar Rögvalds Guðmundssonar frá 1996 á viðhorfum ferðamanna til lagningar slitlags á hálendisvegum en einungis 15% erlendra gesta nefndu að slitlag væri æskilegt á vegum á hálendinu en 70% töldu að fræðsluskilti mættu vera fleiri. Í niðurstöðum könnunar árið 2000 koma fram svipaðar niðurstöður um vegi á hálendi. Ferðamenn vilja eiga kost á því að ferðast eftir frumstæðum vegum og vegarslóðum, þrátt fyrir að ýmsa vonda staði megi laga.

Í viðtalskönnun Rannsóknarnefndar umferðarslysa var rætt við 50 erlenda ferðamenn á áningarstöðum víðsvegar um Árnæssýslu og þeir spurðir hvert þeir hefðu ferðast, hversu vel þeir skildu íslenskar vegmerkingar o.fl atriði. Hér á eftir fylgja helstu niðurstöður. Rannsóknin er ekki vísindaleg hvað úrtak varðar og erfitt að alhæfa út frá henni, en endurspeglar álit þeirra ferðamanna sem rætt var við, á vegakerfinu og þekkingu þeirra á íslensku umferðarlögunum, þann dag sem rannsóknin var framkvæmd.

Fyrsta spurning í töflu 5 varðar hinn lögbundna hámarkshraða á vegum utan þéttbýlis þar sem er bundið slitlag. Þekking ferðamanna var upp og ofan, margir voru ekki vissir (14) eða nefndu rangan hámarkshraða (13). Innan við helmingur var alveg viss um að hann væri 90 km/klst (23). Það samræmist e.t.v. því að einungis 19 viðmælenda mundu eftir því að hafa fengið einhverskonar leiðsögn eða tilsögn um umferðarreglurnar á Íslandi, 5 voru ekki vissir en 26 sögðu að svo hefði ekki verið.

Í samtölum við lögreglumenn hefur komið fram að erlendir ökumenn bera stundum fyrir sig að þeir viti ekki hver hámarkshraði er á vegum á Íslandi ef þeir eru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur. Í einhverjum tilvikum kann að vera um fyrirslátt að ræða til að losna við sektir, en einnig hafa lögreglumenn nefnt að þetta komi ekki á óvart þar sem hámarkshraðmerkingar eru víða af skornum skammti. Sumir erlendir ferðamenn telja jafnvel að enginn lögbundinn hámarkshraði gildi þegar þeir aka um fáfarna malarvegi utan þéttbýlis!

Tafla 5. Þekking á íslenskum aðstæðum

Veistu hver er hinn lögbundni hámarkshraði utan þéttbýlis á vegum með bundið slitlag?	Já, 100 km/klst:	6
	Já, 90 km/klst:	23
	Já, 80 km/klst:	7
	<u>Ekki viss:</u>	14
	Samtals	50
Fékkst þú einhverjar leiðbeiningar um akstur á Íslandi á bílaleigunni þar sem þú sóttir bílinn?	Já:	19
	Nei:	26
	<u>Man ekki:</u>	5
	Samtals	50
	Hafðir þú reynslu af akstri á malarvegi áður en þú komst til Íslands?	Mikla:
Nokkra:		13
Litla:		19
<u>Enga:</u>		12
Samtals		50
Vissir þú að notkun bílbelta er lögbundin á Íslandi?	Já:	28
	<u>Nei:</u>	22
	Samtals	50
Notar þú ávallt bílbelti þegar þú ekur á Íslandi?	Já:	31
	<u>Nei:</u>	19
	Samtals	50

Þegar spurt var um bílbeltanotkun kom í ljós að 31 þeirra sem rætt var við nota ávallt bílbelti í akstri en 19 gerðu það ekki. Af þeim sem sögðust ekki ávallt nota bílbelti nefndu sumir að þeir notuðu bílbelti í akstri þar sem umferð væri mikil en ekki þegar þeir ækju fáfarnari vegi og væru að skoða sig um (fara inn og út úr bílnum og taka myndir o.s.frv.). Fleiri öikumenn sögðust ávallt nota bílbelti en þeir sem vissu að bílbeltanotkun væri lögbundin á Íslandi (28). Í umræðu um bílbeltanotkun erlendra ferðamanna þarf að hafa í huga að í sumum löndum er bílbeltanotkun almenn og ferðamenn frá þeim löndum nota frekar bílbelti en þeir sem koma frá löndum þar sem bílbeltanotkun er ekki almenn.

Þá voru öikumenn spurðir um reynslu af akstri á malarvegum áður en þeir komu til Íslands. Alls höfðu 18 öikumenn mikla eða nokkra reynslu af akstri á malarvegum úr heimalandi sínu eða öðrum löndum en Íslandi en 32 höfðu litla sem enga reynslu af akstri á malarvegum. Þetta kemur heim og saman við þann fjölda slysa sem erlendir ferðamenn lenda í á malarvegum hvert ár. Fróðlegt væri að kanna meðal stærra úrtaks ferðamanna, hve margir hafa í raun og veru einhverja reynslu af akstri á malarvegum því það tengist aftur hve oft þeir hafa séð alþjóðleg viðvörunarmerki sem vara við malarvegum.



Viðvörðunarkerki með undirmerki um að malbik endi. Erlendir ökumenn skilja ekki textann “malbik endar”. Þó merkið sé í stíl við önnur alþjóðleg umferðarkerki þýðir það ekki að allir hafi séð það áður. Þeir sem ekki hafa ekið á malarvegi áður þekkja merkið ekki.

Í könnuninni Dear Visitors sem gerð var árið 2000 voru erlendir ferðamenn spurðir áhlits á vegmerkingum á Íslandi. Kom í ljós að 52-54% þeirra töldu þær svipaðar og þeir bjuggust við, 20% betri og 20% verri (Rögnvaldur Guðmundsson, 2003).

Í samtölum við forráðamenn bílaleiga bentu þeir iðulega á mikilvægi vegmerkinga og viðvörðunarskilta á erlendum tungumálum. Vildu margir að viðvörðunarskilti á erlendum tungumálum væru reist þar sem umferð ferðamanna er mikil og að merkja þyrfti betur staði þar sem framkvæmdir og vegavinna væri í gangi. Á Íslandi tíðkast t.d. að borið sé í vegi og umferðin látin þjappa slitlagið niður. Þetta getur reynst hættulegt og þarf að merkja vel, sér í lagi þegar verið er að laga slitlag í beygjum.



Viðvörðunarkerki um nýlagða klæðingu og hjólbarði bílaleigubifreiðar sem ekið var í nýju klæðinguna. Hjólbarðinn var löðrandi í tjöru og hafnaði bifreiðin utan vegar. Í þessu tilviki voru viðvörðunarkerki til staðar. Margir erlendir ökumenn eru þó ekki vanir því að vegavinna fari þannig fram að efni sé lagt á veg og ökumenn látnir um að þjappa það niður.

Fræðsla og forvarnir

Markviss áróður og fræðsla Umferðarstofu í samstarfi við aðra aðila, m.a. bílaleigurnar, gegnir veigamiklu hlutverki. Samkvæmt upplýsingum umferðaröryggissviðs Umferðarstofu er unnið að fræðslu og kynningarefni á ýmsum sviðum. Umferðarstofa hóf nýverið að halda námskeið fyrir starfsfólk bílaleiga til að veita leigutökum grunnfræðslu um þær hættur sem kunna að koma fólki á óvart í umferðinni á Íslandi. Gert hefur verið myndband fyrir erlenda ökumenn á fjórum tungumálum og stefnt er að því að hægt verði að senda þeim sem pantað hafa bílaleigubíl margmiðlunardisk með myndbandinu tímanlega áður en þeir leggja af stað til Íslands. Umferðarstofa, í samvinnu við Vegagerðina og Slysavarnafélagið Landsbjörgu hefur gefið út bækling þar sem fjallað er almennt um slysavarnir fyrir erlenda ferðamenn. Bæklingurinn er á þremur tungumálum, ensku, þýsku og frönsku. Allt er þetta liður í að fækka umferðarslysum erlendra ferðamanna og í samræmi við áherslur í öðrum löndum þar sem svipaðar aðstæður eru og á Íslandi t.d í Nýja Sjálandi (Page og Meyer, 1996).

Mikilvægt er að koma fræðslu og kynningarefni til ferðamanna áður en þeir koma til Íslands því mismunandi er eftir bílaleigum hve miklum tíma er varið í að fræða erlenda ferðamenn um akstur á íslenskum vegum. Í samtölum við forsvarsmenn bílaleiga kom fram að erlendum ökumönnum væri afhentur bæklingur um akstur á Íslandi, en í fæstum tilvikum væri farið yfir bæklinginn. Báru þeir sem rætt var við, að yfir háannatíma þegar mest er að gera, sé óraunhæft að ætla bílaleigunum að stunda forvarnarstarfsemi í einhverju mæli í afgreiðslunni.

Á fundi sem Slysavarnafélagið Landsbjörg hélt haustið 2004 vegna slysa erlendra ferðamanna var þetta vandamál rætt. Þar kom fram það sjónarmið að best væri að senda ferðamönnum bæklinga og fræðsluefni áður en þeir koma til landsins. Þá yrði lestur fræðsluefnisins hluti af undirbúningi og skipulagi ferðalagsins. Meiri líkur eru til að ferðamenn gefi sér tíma til að skoða bæklinga og kynningarefni heima fyrir í næði heldur en í afgreiðslu bílaleiganna þegar komið er að því að sækja bílaleigubílinn. Margmiðlunardiskurinn sem unnið er að fellur vel að þeirri hugmyndafræði. E.t.v. er raunhæft að ætla að ferðamennirnir gæfu sér tíma fyrir slíka fræðslu ef þeir fengju einhverskonar ívilnun fyrir, s.s. lægra leigugjald fyrir að horfa á myndband eða lesa fræðsluefni

Heimildir

Cossar, J. o.fl, (1990). *Travellers Health: A Medical Perspective in Health and International Tourism*, S. Clift og S. Page ritstj., bls. 23-43. London Routledge.

Hagtölur 2004. Ferðapjónusta. Samtök ferðapjónustunnar.

Johnston, M.,(1989). Accidents in Mountain Recreation: The Experiences of International and Domestic Visitors in New Zealand. *GeoJournal*, 19, bls. 323-328.

Page J.S., og Meyer, D., (1996). Tourist Accidents. An Exploratory Analysis. *Annals of Tourism Research*, 23, 4, bls. 666-690.

Rögnvaldur Guðmundsson, 2003. *Vegir og Ferðapjónusta 1996-2003*. Reykjavík: Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar.

Umferðaröryggisáætlun ríkisstjórnarinnar 2004-2008.

Petridou. E., Dessypris N., Skalkidou, A. og Trichopoulos, D., (1999). Are traffic injuries disproportionately more common among tourists in Greece? Struggling with incomplete data. *Accident Analysis & Prevention*, 31, 6, bls. 611-615.